Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs

Kópavogi, 10. júlí 2024
2406110/502.01 JBG

Efni: Roðahvarf 17-21, beiðni um heimild til veðsetningar

Undirritaðri hefur borist beiðni frá Mótx ehf., kt. 660505-2100, sem stóð að tilboði á lóðinni Roðahvarf 17-21, landeignarnúmer 237-536, um heimild til veðsetningar með veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 298.818.675,-.

Á fundi bæjarstjórnar þann 11. júní 2024 var samþykkt að úthluta Mótx ehf., kt. 660505-2100, lóðinni Roðahvarfi 17-21.

Umbeðin heimild til veðsetningar er 90% af heildarfjárhæð hins samþykkta tilboðs í afstöðnu útboði. Heildarfjárhæð byggingarréttargjaldsins er kr. 332.020.750,-.

Í kafla 1.8. í úthlutunarskilmálum segir að byggingarrétti er úthlutað á nafn umsækjanda og óheimilt er að framselja byggingarrétt eða veðsetja lóð fyrr en að loknu byggingarstigi 4, samkvæmt þeim íslenska staðli sem gildir um byggingarstig nema fyrir liggi samþykki bæjarráðs. Um skil lóðar fer skv. 18. gr. úthlutunarreglna Kópavogsbæjar.

Til þess að fjármögnunaraðili félagsins geti sett af stað skjalagerð varðandi lóðirnar þarf samþykki bæjarráðs að liggja fyrir um heimild til veðsetningar.

Með hliðsjón af framangreindu sér undirrituð ekki meinbugi á því að veðsetning verði heimiluð á lóðinni Roðahvarf 17-21 samkvæmt framansögðu.

Virðingarfyllst,

Ása A. Kristjánsdóttir
Bæjarlögmaður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs

Kópavogi, 10. júlí 2024
2406108/502.01 JBG

Efni: Roðahvarf 34-36, beiðni um heimild til veðsetningar

Undirritaðri hefur borist beiðni frá Mótx ehf., kt. 660505-2100, sem stóð að tilboði á lóðinni Roðahvarf 34-36, landeignarnúmer 237-537, um heimild til veðsetningar með veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 200.675.705,-.

Á fundi bæjarstjórnar þann 11. júní 2024 var samþykkt að úthluta Mótx ehf., kt. 660505-2100, lóðinni Roðahvarfi 34-36.

Umbeðin heimild til veðsetningar er 90% af heildarfjárhæð hins samþykkta tilboðs í afstöðnu útboði. Heildarfjárhæð byggingarréttargjaldsins er kr. 222.973.006,-.

Í kafla 1.8. í úthlutunarskilmálum segir að byggingarrétti er úthlutað á nafn umsækjanda og óheimilt er að framselja byggingarrétt eða veðsetja lóð fyrr en að loknu byggingarstigi 4, samkvæmt þeim íslenska staðli sem gildir um byggingarstig nema fyrir liggi samþykki bæjarráðs. Um skil lóðar fer skv. 18. gr. úthlutunarreglna Kópavogsbæjar.

Til þess að fjármögnunaraðili félagsins geti sett af stað skjalagerð varðandi lóðirnar þarf samþykki bæjarráðs að liggja fyrir um heimild til veðsetningar.

Með hliðsjón af framangreindu sér undirrituð ekki meinbugi á því að veðsetning verði heimiluð á lóðinni Roðahvarf 34-36 samkvæmt framansögðu.

Virðingarfyllst,

Ása A. Kristjánsdóttir
Bæjarlögmaður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026